## English

### Skálholt's 33rd Summer Concerts 2007

The historically located Skálholt Summer Concerts offers six weeks of music, each with contrasting programmes, three to five concerts each week. During the years the festival has attracted internationally acclaimed artists as well as providing real opportunities for talented young Icelandic musicians and composers.
Concerts are held on Saturdays at 3 p.m. and 5 p.m., Sundays at 3 p.m. and on Wednesdays or Thursdays at 8 p.m. The concerts last about one hour.
The emphasis is on both baroque and contemporary music. The baroque music and other styles of early music are consequently performed on period instruments.

### FREE ADMISSION

Donations can be made in the Church entrance

### Service at Skálholt School

The Skálholt School runs a hotel and restaurant service. The restaurant is open all day. A special feature for groups of 25 or more is period-recipies fom sources in or near Skálholt, both medieval and 17th century.

### Weekend offer during Summer Concerts

Hotel accommodation from Saturday to Sunday, 17th century afternoon coffee table on both days and Sunday lunch. Guided tour, concerts and lectures.

Price only Ikr. 14.000 p.p.

For bookings and inquiries please phone 4868870 or send e-mail to: skoli@skalholt.is

### Management

Inquiries concerning the festival should be addressed to the artistic director, Sigurður Halldórsson.

Address Laufásvegur 4
101 Reykjavík
Iceland

Telephone +354 866 4600

Tel. no. during the festival: +354 486 8824
E-mail: siha@ismennt.is
Website: www.sumartonleikar.is



## Þjónusta í Skálholtsskóla

### Þjóðlegar veitingar í Skálholtsskóla

Kaffiborð Valgerðar biskupsfrúar stendur tónleikagestum til boða í sumar. Valgerður Jónsdóttir var síðari kona Hannesar Finnssonar sem var síðasti biskupinn í Skálholti áður en stóllinn var fluttur til Reykjavíkur árið 1801. Fyrsta íslenska matreiðslubókin kom út um það leyti og eru uppskriftir kaffiborðsins sóttar þangað, en val þeirra er breytilegt frá degi til dags.

Miðaldakvöldverður að hætti hins sæla Þorláks biskups er einnig borinn fram í Skálholtsskóla og er þá höfð til hliðsjónar matargerð höfðingjaheimila á tímum heilags Þorláks en hann lést 1193. Kvöldverðurinn er borinn fram með drykkjarföngum þeirrar tíðar og með fróðlegum sögulegum skýringum veislustjóra. Kvöldverðurinn er aðeins borinn fram fyrir hópa, 25 manns eða fleiri, enda er töluvert undirbúningsferli þar að baki.

### Helgartilboð tengt Sumartónleikum

Skálholtsskóli býður upp á sérstakt tilboð þær sex helgar sem Sumartónleikarnir starfa í sumar. Í því felst þægileg gisting aðfaranótt sunnudags, hádegisverður sunnudagsins og að auki kaffiveitingar báða dagana. Boðið er upp á staðarskoðun og kynningu á fornleifauppgreftri og að sjálfsögðu tónleika og aðra atburði helgarinnar sem tengjast Sumartónleikunum.

Verð aðeins kr. 14.000.

Nánari upplýsingar í Skálholtsskóla, sími 486 8870 og netfangið skoli@skalholt.is

Endurgervingarteikningar Harðar Ágústssonar (1922-2005) af Gíslakirkju, Brynjólfskirkju og Sóknarkirkjunni í Skálholti eru til sýnis í matsal Skálholtsskóla.

### Urtagarðurinn

Framan við matstofu Skálholtsskóla er urtagarðurinn sem skipulagður er í stíl klausturgarðanna á miðöldum. Ingólfur Guðnason garðyrkjubóndi á Engi hefur fundið í gömlum heimildum upplýsingar um nær sex tugi jurta sem notaðar hafa verið í Skálholti til matar eða lækninga. Hann hefur skipað þessum jurtum í garðinn og merkt þær á fjórum tungumálum. Auk þess hefur hann skrifað bækling þar sem hver jurt er teiknuð upp og notkun hennar er lýst nákvæmlega. Bæklingurinn er til sölu í Skálholtsskóla.



## Skapandi starf í Skálholti

Þriðja árið í röð verður starfrækt listasmiðja fyrir börn og unglinga. Í ár verður smiðjan fjölbreytilegri en áður og ekki einskorðuð við tónlist heldur einnig leiklist o.fl. Upplýsingar um hvað verður boðið uppá hverju sinni verður að finna á vefsíðu Sumartónleika:

www.sumartonleikar.is/?tonlistarsmidja.

Smiðjan verður á laugardögum meðan á hátíðinni stendur og einnig sunnudaginn um Verslunarmannahelgi. Hún hefst kl. 14:55 og lýkur með uppákomu þar sem afrakstur smiðjunnar er sýndur. Hefst hún uppúr kl. 18:00 og lýkur um kl. 18:30. Þegar um er að ræða tónlistarsmiðju er mjög æskilegt að krakkar sem eru í hljóðfæranámi komi með eigin hljóðfæri. Einnig verða „Orff" hljóðfæri á staðnum.

Leiðbeinendur verða m.a. Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Sigrún Sævarsdóttir Griffiths, Ingólfur Björn Sigurðsson.

Öll börn frá sex ára aldri geta tekið þátt. Þátttökugjaldið er 1000 kr. á einstakling, en veittur er 50% systkinaafsláttur. Hver vinnudagur í smiðjunni er sjálfstæður þannig að hægt er að mæta eins oft og hver og einn vill.

Menningarsjóður Glitnis kemur að fjármögnun Listasmiðjunnar.

### Hollvinafélag Sumartónleika í Skálholtskirkju

Síðastliðið haust var Hollvinafélag Sumartónleika stofnað. Markmið þess er að veita hátíðinni margvíslegan stuðning, vera tengiliður tónleikagesta við yfirstjórn hátíðarinnar og standa vörð um tilvist hennar. Félagið býður nýja félaga hjartanlega velkomna. Þeim sem áhuga hafa á þátttöku í félaginu er bent á að hafa samband við formann félagsins, Elínu Gunnlaugsdóttur, í netfangið elingunn@ismennt.is eða síma 482 3176

ICELANDAIR

## Samstarfs- og styrktaraðilar Sumartónleika í Skálholtskirkju

Alþingi
Héraðssjóður Árnesprófastsdæmis
Icelandair
Kirkjumálasjóður
INÖK/ÖKB
Landsvirkjun
Menningarsjóður Glitnis
Ríkisútvarpið
Sendiráð Austurríkis í Kaupmannahöfn
Skálholtsskóli
SPRON
Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins
Tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins

Sumartónleikar í Skálholtskirkju þakka ofangreindum aðilum svo og öðrum velunnurum áhuga þeirra og stuðning

## Aðgangur er ókeypis að öllum tónleikum og fyrirlestrum

### Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Listrænn stjórnandi: Sigurður Halldórsson

Póstfang Laufásvegi 4
101 Reykjavík
Sími 866 4600

Sími í Skálholti: 486 8824
Netfang: siha@ismennt.is
Vefsíða: www.sumartonleikar.is

Framkvæmdastjóri:
Halla Steinunn Stefánsdóttir s. 821 3930

Kynningarstjóri:
Alexandra Kjeld s. 865 1808

Frjálsum framlögum er veitt viðtaka við kirkjudyr

www.sumartonleikar.is

SKÁLHOLT SUMMER CONCERTS 2007




# Sumartónleikar í Skálholtskirkju

## Sumartónleikar í Skálholtskirkju 2007

### Laugardagur 30. júní

Kl. 14:00
Erindi í Skálholtsskóla – Helga Ingólfsdóttir
Samstarfið við Manuelu Wiesler

Kl. 15:00
**Setningartónleikar. Í minningu Manuelu Wiesler**
Verk eftir J. S. Bach, Atla H. Sveinsson, T. Takemitsu, Þorkell Sigurbjörnsson (frumflutningur) og A. Jolivet
Kolbeinn Bjarnason flauta
Guðmundur Kristmundsson víóla
Elísabet Waage harpa

Kl. 17:00
**Skálholtskvartettinn**
F. J. Haydn: Kvartett í f moll op.20 nr.5
F. Schubert: Kvartett í a moll op. 29 „Rosamunde".
Jaap Schröder fiðla
Rut Ingólfsdóttir fiðla
Svava Bernharðsdóttir víóla
Sigurður Halldórsson selló

### Sunnudagur 1. júlí

Kl. 15:00
**Skálholtskvartettinn**
endurtekin efnisskrá frá laugardeginum

Kl. 17:00
**Guðsþjónusta**
Tónlist í flutningi Kolbeins Bjarnasonar, Guðmundar Kristmundssonar og Elísabetar Waage

### Fimmtudagur 5. júlí

Kl. 20:00
**Orgeltónleikar**
Buxtehude, Sweelinck, Frescobaldi, Andersen, Möller, Sark o.fl.
Vibeke Astner orgel

### Listasmiðja

Listasmiðjur fyrir börn og unglinga verða á laugardögum kl. 14:55 - 18:30, og einnig sunnudag um Verslunarmannahelgina á sama tíma.
Nánari upplýsingar:
www.sumartoneikar.is/?tonlistarsmidja

Frekari upplýsingar, m.a. um flytjendur, er að finna á vef Sumartónleika í Skálholtskirkju:

www.sumartonleikar.is

### Laugardagur 7. júlí

Kl. 14:00
Erindi í Skálholtsskóla - „Hvað er Apocrypha?"

Kl. 15:00
Hugi Guðmundsson: **APOCRYPHA**
Nýtt verk fyrir mezzósópran, barokksveit og tölvu
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran
Barokksveitin NORDIC AFFECT
Stjórnandi: Daníel Bjarnason

Kl. 17:00
**Tónadóminó**
Rosenmüller, Couperin, Merula, Simpson, Durante, Tessarini
Barokksveitin NORDIC AFFECT
Listrænn stjórnandi: Halla Steinunn Stefánsdóttir

### Sunnudagur 8. júlí

Kl. 15:00
Hugi Guðmundsson: **APOCRYPHA**
endurtekin frá laugardeginum

Kl. 17:00
**Guðsþjónusta**
Tónlist í flutningi NORDIC AFFECT

### Fimmtudagur 12. júlí

Sumartónleikar í samstarfi við INÖK og ÖKB:

Ísland-Austurríki
Tónleikar, fyrirlestrar og upplýsingamiðlun

Kl. 18.00
**Ísland-Austurríki**
Erindi í Skálholtsskóla:
Klaus Ager: Hugsun og hegðun í evrópskri vídd
Helmut Neumann: "Die Leute auf Borg" (Borgarættin)
Kynning á óperu Helmuts eftir skáldsögu Gunnars Gunnarssonar

Kl. 20.00
**Ísland-Austurríki** - Kammertónleikar
- Verk eftir Klaus Ager, Helmut Neumann (frumflutningur), Pál P. Pálsson (frumflutningur), Werner Schulze (frumflutningur)
Graffe strengjakvartettinn:
Štéphán Graffe fiðla, Lukáš Bednařík fiðla, Lukáš Cybulski víóla, Michal Hreňo selló.
Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran, Einar Jóhannesson klarinett, Sigurður Halldórsson selló,
Jörg Sondermann orgel

### Laugardagur 14. júlí

Kl. 14:00
Erindi í Skálholtsskóla:
Ísland-Austurríki
Helmut Neumann: Menningartengsl Íslands og Austurríkis á sviði tónlistarinnar

Kl. 15.00
**Ísland-Austurríki** - kammertónleikar
Verk eftir Hubert Pöll, Áskel Másson, Friedrich Cerha og Hannes Heher
Graffe strengjakvartettinn
Einar Jóhannesson klarinett

Kl. 17:00
**Óttusöngvar**
Verk eftir Jón Nordal
Sönghópurinn Hljómeyki
Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Sverrir Guðjónsson kontratenor, Sigurður Halldórsson selló, Frank Aarnink slagverk, Steingrímur Þórhallsson orgel
Stjórnandi: Magnús Ragnarsson

### Sunnudagur 15. júlí

Kl. 15:00
**Bach og Bologna**
Verk fyrir fiðlu og selló frá lokum 17. aldar í Bologna eftir Laurenti og Torelli, auk tveggja radda invensjóna eftir J.S.Bach.
Jaap Schröder fiðla, Sigurður Halldórsson selló

Kl. 17:00
**Guðsþjónusta**
Hljómeyki flytur verk eftir Jón Nordal

### Fimmtudagur 19. júlí

Kl.20:00
**Buxtehude (c.1637-1707)**
Verk eftir Franz Tunder, Dietrich Buxtehude og Johann Sebastian Bach
Margaret Irwin-Brandon orgel

### 19. - 21. júlí

Orgelnámskeið bandaríska orgel- og semballeikarans Margaret Irwin-Brandon
Masterclass - námskeið á vegum Skálholtsskóla í samvinnu við Sumartónleika.
Skráning hjá Skálholtsskóla, sími 4868870

### Laugardagur 21. júlí **Skálholtshátíð**

Kl. 14:00
Erindi í Skálholtsskóla
Margaret Irwin-Brandon fjallar um D. Buxtehude

Kl. 15:00
**Buxtehude (c1637-1707)** - Tríósónötur og Kantötur
Sönghópurinn Gríma: Erna Blöndal sópran, Guðrún Edda Gunnarsdóttir alt, Benedikt Ingólfsson bassi
Bachsveitin í Skálholti, leiðari Jaap Schröder
Sérstakur gestur Margaret Irwin-Brandon

Kl. 17:00
**Söngarfurinn**
Sálmar og útsetningar eftir Róbert A. Ottosson, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson o. fl.
Skálholtskórinn, Steingrímur Þórhallsson orgel, Jóhann Stefánsson trompet, stjórnandi: Hilmar Örn Agnarsson

### Sunnudagur 22. júlí **Skálholtshátíð**

Kl. 14:00
**Hátíðarguðsþjónusta**

Kl. 16:30
**Buxtehude (c.1637-1707)**
Tónleikar þátttakenda á námskeiði M. Irwin-Brandon

### Miðvikudagur 25. júlí

Kl. 20:00
**Domenico Scarlatti (1685-1757)**
Domenico Scarlatti: Sónötur og sinfóníur
Alessandro Scarlatti: Konsertar
Bachsveitin í Skálholti
Guðrún Óskarsdóttir semball
leiðari og einleikari: Kati Debretzeni

### Laugardagur 28. júlí

Kl. 14:00
Erindi í Skálholtsskóla - Gleymdur snillingur
Philipp Heinrich Erlebach (1657-1714)

Kl. 15:00
**Gleymdur snillingur**
Ph. H. Erlebach (1657-1714), Händel og Telemann
Bachsveitin í Skálholti, Marta Hrafnsdóttir alt

Kl. 17:00
**Bach - 3 kynslóðir**
J. Christoph Bach, J.S.Bach, W.F.Bach, C.P.E.Bach og J. C. Bach
Bachsveitin í Skálholti, Guðrún Hrund Harðardóttir víóla, Marta Hrafnsdóttir alt

### Sunnudagur 29. júlí

Kl. 15:00
**Bach - 3 kynslóðir**
Endurtekin efnisskrá frá laugardeginum

Kl. 17:00
**Guðsþjónusta**
Bachsveitin flytur verk af efnisskrám helgarinnar

### Fimmtudagur 2. ágúst

Kl. 20:00
**Söngarfurinn**
Snorri Sigfús Birgisson: Lysting er sæt að söng
Sálmar og þjóðlög í útsetningum Sigursveins D. Kristinssonar, Jórunnar Viðar, Hallgríms Jakobssonar og Sigursveins K. Magnússonar
Aurora Borealis, Margrét Hrafnsdóttir sópran, Ólöf Sigursveinsdóttir selló

### Laugardagur 4. ágúst

Kl. 14: 00
Erindi í Skálholtsskóla
Um efnisskrár Ísafoldar

Kl. 15:00
**Söngarfurinn**
Endurtekin efnisskrá frá fimmtudagskvöldi
Aurora Borealis

Kl. 17:00
**Da pacem domine**
Staðartónskáld: Daníel Bjarnason
Nýtt verk fyrir kammersveit - frumflutningur
Einnig verk eftir Sciarrino, Pärt og Xenakis
Kammersveitin Ísafold
Stjórnandi: Daníel Bjarnason

Kl. 21:00
**In Memoriam**
Verk eftir Rihm, Boulez, Goehr, Birtwistle, Denisov, Smirnoff og Stravinski
Kammersveitin Ísafold
Stjórnandi: Daníel Bjarnason

### Sunnudagur 5. ágúst

Kl. 15:00
**Da pacem domine**
Endurtekin efnisskrá frá laugardeginum

Kl. 17:00
**Guðsþjónusta**

### Mánudagur 6. ágúst

Kl. 15:00
**In Memoriam**
Endurtekin efnisskrá frá laugardagskvöldinu